

Skólaráð Naustaskóla

12. fundur ársins 2011 þann 14. desember kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon.

Fulltrúar starfsmanna: Brynja D. Hermannsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Harpa M. Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Pétur Már Guðmundsson og Hrannar Þór Rósarsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Meðferð fjármuna frá skólanefnd. Grunnskólar bæjarins skiluðu í sameiningu töluverðum afgangi frá rekstri miðað við áætlun síðasta árs, þ.e. 2010. Skólanefnd tók þá ákvörðun að 10 milljónum króna yrði því úthlutað til skólanna á þessu ári í hlutfalli við nemendafjölda sl. vor, og skólaráð í hverjum skóla skyldi taka ákvörðun um meðferð fjármunanna þannig að þeir nýttust sem best. Skólastjóri hefur kynnt þá tillögu fyrir fulltrúum í skólaráði að þeim fjármunum sem koma í hlut Naustaskóla, ríflega 500þ. kr., verði varið til innkaupa fyrir skólabókasafnið. Sú tillaga var formlega samþykkt á fundinum.
2. **Fyrirkomulag námsmats.** Kynnt hugmynd að fyrirkomulagi lokamats að vori að teknu tilliti til ákvæða nýrrar aðalnámskrár. Farið yfir lykilhæfniþætti og skilgreiningar á þeim. Nokkrar umræður um framsetningu og fyrirkomulag, nýja matsþætti og skilgreiningar þarf að kynna fyrir foreldrum og nemendum.
3. **Skólapúlsinn.** Kynntar niðurstöður úr spurningakönnun sem lögð var fyrir helming nemenda í 6.-9. bekk fyrir skömmu. Um er að ræða fyrstu mælingu skv. svokölluðum Skólapúls en þar er um að ræða spurningalista sem lagður er fyrir nær 60% nemenda í 6.-10. bekkjum landsins árlega. Hinn helmingur nemenda í 6.-9. bekk Naustaskóla mun svara sömu spurningum í apríl nk. Niðurstöðurnar eru í heildina tekið jákvæðar en spurningarnar eru flokkaðar í 19 flokka. Í 10 flokkum voru niðurstöður jákvæðari en meðaltal allra þáttökuskólanna, í fjórum flokkum voru þær á landsmeðaltalinu en í 5 flokkum veikari en landsmeðaltalið. Marktækur styrkleiki mældist hvað varðar einelti, þ.e. að hjá þeim hóp sem svaraði könnuninni hjá okkur er marktækt minni upplifun eineltis en að meðaltali í þáttökuskólunum. Þá mælist flokkurinn "virkni nemenda í tímum" einnig marktækt fyrir ofan meðallag. Hins vegar mælist "agi í tímum" marktækt veikur þáttur og er það nokkuð sem við þurfum að kynna vel fyrir nemendum, ræða við þá og leita leiða til úrbóta.
4. **Forföll í skólanum.** Rætt um forföll starfsmanna og viðbrögð skólans við þeim en foreldrar hafa lýst áhyggjum af forföllum. Kynntar reglur sem skóladeild hefur sett varðandi afleysingar. Það er líklega töluvert minna um það í Naustaskóla en flestum öðrum skólum bæjarins að felld sé niður kennsla, hins vegar er það gömul saga að þeir fjármunir sem skólunum er úthlutað duga hvergi til að mæta kostnaði við forföll, það er

nokkuð sem er áhyggjuefni nú sem fyrr. Vitað er að þessi mál eru til skoðunar í skólanefnd og hún hefur kallað eftir upplýsingum frá skólunum um tíðni þess að kennsla er felld niður.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur verður miðvikudaginn 11. janúar.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð